

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

3. tbl. 3. árg.

7. mars 2025



Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur um land allt miðvikudaginn 5. febrúar síðastliðinn. Dagskrá var með hefðbundnum hætti í Stykkishólmi og öskudagsgangan fjölmenn enda veðrið yndislegt.

Júlíana – Hátíð sögu og bóka framundan

Júlíana, hátíð sögu og bóka fer fram dagana 20. - 22. mars. Hátíðin var fyrst haldin árið 2013 og er nú orðin rótgróin liður í lista- og menningarlífi Hólmara. Sem fyrr verður metnaðarfull dagskrá þar sem rithöfundar, ljóðskáld

og fleiri listamenn stíga á stökk. Í ár verður hátíðin haldin í tólfta sinn. Líkt og áður tekur Grunnskólinn í Stykkishólmi þátt í hátíðinni en rithöfundarnir Kristín Helga Gunnarsdóttir og Bjarni Fritzson hafa unnið með nemen-

dum sem munu stíga á stökk á hátíðinni undir handleiðslu rithöfundanna. Setningarathöfn hátíðarinnar fer fram í Stykkishólmskirkju fimmtudaginn 20. mars en þar fer meðal annars fram heiðrun þegar veitt verður viðurkenning

fyrir framlag til menningar- og framfaramála. Allt frá því hátíðin hófst árið 2013 hefur Hólmari verið heiðraður fyrir framlag til menningar- og framfaramála. Frítt er á alla viðburði hátíðarinnar.

Ritstjórnarstefna

Á vefsíðu sveitarfélagsins Stykkishólms má lesa helstu fréttir sem snúa að rekstri sveitarfélagsins, viðburðum og öðru tengdu sveitarfélaginu. Fréttunum er svo deilt á facebooksíðu Stykkishólms til að ná athygli sem flestra. Í apríl 2023 bættist við mánaðarritið Helstu fréttir. Blaðið er hugsað

til að ná til enn breiðari hóps samfélagsins, ekki síst þeirra sem eldri eru. Blaðið kemur út á fyrstu dögum hvers mánaðar og liggur frami á Höfðaborg og Systras-kjóli. Fréttir og umbrot blaðsins annast riststjóri þess, Jón Sindri Emilsson, aðstoðarmaður bæjarstjóra. Tilgangur Helstu fréttar er að

bæta aðgengi íbúa að tilkynningum og frét-tum frá sveitarfélaginu. Líkt og á vefsíðu svei-tarfélagsins má finna í blaðinu fréttir um það sem hæst ber hjá sveit-arfélaginu hverju sinni. Ritstjóri blaðsins leggur sjálfstætt mat á fréttæf-ni og aðsendar grein-ar sem berast blaðinu. Hvað aðsendar greinar

varðar verða ekki birt skoðanaskipti um áli-tamál hverju sinni. Í blaðinu geta birst aðsen-dar greinar sem hafa fræðslu- og upplýsin-gagildi og ritstjóri telur eiga erindi við lesen-dur, en finna má í þes-su tölublaði dæmi um tvær aðsendar greinar sem falla undir framan-greind viðmið.

Aðsend grein - Sigrún Þórsteinsdóttir skrifar:

Dagur leikskólans



Leikskólinn í Stykkishólmi

Grein skrifuð í tilefni af degi leikskólans, 6. febrúar.

Í leikskólanum í Styk-kishólmi eru núna 32 starfsmenn í ýmsum stöðum og stöðugildum. Það eru bæði konur og karlar, ung og eldri, með allskonar menntun og fjölbreyttan uppruna. Við njótum góðs af því að vera með kennara með leikskólakennaramenn-tun, grunnskólakennar-amenntun og allskonar aðra menntun eins og menntun í iðjuþjálfun, heimspeki, stærðfræði,

tungumálakennslu, ferðamálafræði, næ-ringarfræði, viðskipta-fræðimenntun, skrif-stofuskólamenntun, stúdentspróf af ýmsum brautum með styttri og lengri diplómur og mörg okkar enn í námi.

Í leikskólanum vin-nur fólk frá 5 þjóðlön-dum, Íslandi, Póllandi, Filippseyjum, Króatíu og Bosníu sem talar fjöldann allan af tun-gumálum. Við erum með fólk með sker-ta starfsgetu og einn grunnskólanema úr 9

bekk sem kemur nok-kra klukkutíma á viku. Við erum með fólk sem er alið upp í sveit, í stór-borgum, smábæjum, af-skekktum héruðum og í Stykkishólmi, allt er þetta mikill mannauður sem glæðir skólastarfið hjá okkur og alla kenns-lu.

Hér vinnur fólk sem hefur áður un-nið við ræstingu, í grunnskólum, hótelum, bakaríum, íþróttaman-nvirkjum, sambýlum, leikskólum, frystihú-sum, fiskvinnslum, skrifstofum og svo mæt-ti lengi telja. Hér vinnur fólk sem er barnlaust og aðrir sem eiga mörg börn, samanlagt eigum við 61 barn og fullt af barnabörnum. Í hóp-num eru t.d. tvær tvíbu-ramæður, foreldrar sem eiga fjögur börn og þrjú börn, tvö börn og eitt barn. Fólk er ýmist gift, í sambúð eða einhleyp-t. Við eigum ýmiskonar

áhugamál, við t.d. þrjó-num, hlaupum, göng-um, hjólum, skautum, syndum, heklum, lesum, hlustum, skíðum, hor-fum, spilum, pússlum og saumum. Við erum í skátunum og kirkjukór-num, Lions og Eyrbyg-gjusögufélaginu, Kven-félagi, Berserkjum og óformlegum spilaklúb-bum, göngufélögum og saumaklúbbum.

Hér eru fjárbændur, he-stafólk, grænmetisræk-tendur, fólk sem á hun-da og fólk sem á ketti og önnur gæludýr.

Öll komum við saman með okkar mismunandi reynslu og þekkingu og sköpum kennarahópinn í leikskólanum í Styk-kishólmi.

Fyrir þau öll er ég þak-klát alla daga, líka þegar það er fullt tungl.

Sigrún Þórsteinsdóttir, leikskólastjóri.

Gott endurvinnsluhlutfall frá heimilum í Stykkishólmi




Samningur við Íslenska Gámafélagið undirritaður árið 2007.

Sveitarfélög skilgreina markmið um úrgangsminnkun og aukna endurvinnslu í samræmi við lög og stefnu ráðherra. Samkvæmt stefnu ráðherra átti endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs að ná 50% árið 2022 og hækka í áföngum í 55% árið 2025, 60% árið 2030 og 65% árið 2035. Urðun heimilisúrgangs skal minnka í að hámarki 10% árið 2035. Heimilisúrgangur felur í sér matarleifar, umbúðir, pappír, plast,

gler og málma, ásamt sambærilegum úrgangi frá smærri starfsemi. Sveitarfélög skulu einnig stefna að því að draga úr úrgangsmýndun, sérstaklega úrgangi sem fer til förgunar eða orkuvinnslu. Sérsofnun úrgangs hefur verið í Stykkishólmi síðan árið 2008, þegar sérsofnun heimilisúrgangs hófst á Íslandi. Flokkun hefur gengið vel í sveitarfélaginu eins og myndin hér að neðan sýnir. Endurvinnsluhlutfall

heildarúrgangs í sveitarfélaginu hefur almennt verið rétt undir 50% og úrgangur til endurvinnslu frá heimilunum yfirleitt verið á bilinu 50-60%. Í umræðu um endurvinnslu, sérsofnun og flokkun gleymist oft að ræða sorphmyndunina sjálfa – það magn sem til fellur. En áhrifamesta leiðin til að minnka bæði umhverfisáhrif og kostnað vegna sorps er að draga úr innkaupum og þar með sorphmyndun. Næstu árin mun Sveit-

arfélagið Stykkishólmur vinna að því að uppfylla markmið sjálfbærnisstefnu Snæfellsness með áherslu á úrgangsmál. Sveitarfélagið mun fylgja lögum um aukið endurvinnsluhlutfall og stefna að því að draga úr úrgangsmýndun. Markmiðin fela í sér að auka endurvinnslu heimilisúrgangs í samræmi við stefnu ráðherra, með áföngum sem ná hámarks endurnýtingu árið 2035. Sjálfbærnisstefna Snæfellsness sem uppfyllir bæði lög um loftslagsmál og staðal EarthCheck vegna umhverfissvottunar verður tilbúin á þessu ári, en ásamt henni mun hvert sveitarfélag vera með sína eigin aðgerðaáætlun vegna markmiða í hringrásarhagkerfinu, orkusparnaði- og stjórnum, verndun vistkerfa og landnotkun og samgöngum.



Meðalþyngd úrgangs frá sorphirðu heimilanna í kílóum. Lítil breyting er á magni úrgangs frá heimilum í Stykkishólmi, en meðalmagn frá íbúum er minna en meðalmagn á Snæfellsnesi öllu. Af úrgangi frá heimilum árið 2023 fóru 47% í urðun, plast til endurvinnslu var 6%, pappír og pappi 15% og lífrænn úrgangur til jarðgerðar var 32%. Magntölur eru frá Íslenska gámafélaginu, tölfraedi un- nin af verkefnastjóra umh- hverfissvottunar Snæfellsness.

Umræða um vegamál áberandi



Vegagerðin ber ábyrgð á Aðalgötu, niður að ferju.

Kjördæmavika stóð yfir síðustu vikuna í febrúar og voru því engir þingfundir á Alþingi þá vikuna. Vikuna nýta þingmenn til að fara út í kjördæmi sín og hitta kjósendur, sveitarstjornafólk, fulltrúa fyrirtækja og fleiri. Bæjarfull-

trúar nýttu tækifærið og fóru vel yfir helstu hagsmunamál sveitarfélagsins með þeim þingmönnum sem sóttu Hólminn heim. Meðal annars heyrðu þingmenn heyrt af málefnum Baldurs, heilbrigðis- og öldrunarþjónustu, tækifærum

í auðlindanýtingu og mikilvægi skelbóta svo fátt eitt sé nefnt. En þar að auki var umræða um neyðarástand í vegamálum áberandi. Skömmu áður höfðu sveitarstjórnir á Vesturlandi sent erindi til Krístrúnar Frostadóttur, forsætisráðherra, þar sem óskað var eftir neyðarfundi vegna hættuástands á vegum og skipan viðbragðshóps. Afrit af erindinu var sent á innviðaráðherra, heilbrigðisráðherra, dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra og aðstoðarmenn. Fulltrúar sveitarfélaganna óskuðu

með erindinu eftir fundi eins fljótt og auðið er með oddvitum ríkisstjórnar og viðkomandi fagráðherra, um skipan viðbragðshóps stjórnarráðsins um aðgerðir til að tryggja öryggi íbúa á Vesturlandi og annarra vegfarenda, svo ekki hljótist skaði á fólki og verðmætum, og truflun á atvinnu- og mannlífi eins og nú blasir við. Á fjölmönnum fundi Krístrúnar Frostadóttur forsætisráðherra þann 20. febrúar í Borgarнесi fengu fulltrúar sveitarfélaganna og SSV tækifæri til þess að fylgja erindinu eftir.

Fjárfest í húseiningum fyrir grunnskóla og aðrar þjónustueiningar sveitarfélagsins



Búið er að undirbúa jarðveg fyrir nýju kennslurým.

Sveitarfélagið hefur fest kaup á færanlegum húseiningum sem Reykjavíkurborg bauð á uppboði. Húseiningarnar, sem allar voru seldar á uppboði í einum pakka, standa nú við Dalsskóla. Um er að ræða færanlegar húseiningar, alls 478,6 m², en þar af

er 177,6 m² einingahús úr timbri, ekki ósvipað Setrinu og Bakkasel, sem nýtt verður sem kennslustofa. Fasteignamat á heildarpakkanum 2025 er 92.210.000.- kr. en sveitarfélagið Stykkishólmur átti hæsta boð í húsin sem nam 5.062.000 kr.

Byggingarfulltrúi og forstöðumaður eigna skoðuðu húsnæðið og tóku út aðstæður, en áður hafði sveitarfélagið fengið óháðan ráðgjafa til þess að skoða og meta ástand bygginganna. Sveitarfélagið hefur hafið undirbúning á flutningi byggingan-

na í Stykkishólmi með tilheyrandi frágang á núverandi stað og undirbúning á nýrri staðsetningu. Undirbúningur framkvæmda er nú þegar hafinn á lóð Grunnskólans í Stykkishólmi þar sem kennslustofurnar verða staðsettar, alls 177,6 m². Undirbúningur er í fullum gangi varðandi staðsetningu og notkun annarra rýma, en ljóst að umræddir fermetrar er kærkomin viðbót við aðra innviði okkar hér í Stykkishólmi og munu þeir koma til með að bæta enn betur aðbúnað og þar með þjónustustig í Stykkishólmi.

Nýr rekstaraðili tekur við Baldri 1. júní



Breiðafjarðarferjan Baldur

Tilboð í rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs voru opnuð 3. desember síðastliðinn en Vegagerðin auglýsti útboðið á Evrópska

efnahagssvæðinu. Alls bárust þrjú tilboð. Lægsta tilboðið átti Ferjuleiðir ehf. í Reykjavík. Sæferðir hafa hingað til séð um rekstur ferjun-

nar en Eimskip keypti Sæferðir ehf. árið 2015. Nú liggur hins vegar fyrir að Ferjuleiðir ehf. taka við rekstri Baldurs þann 1. júní næstkoman-

di. Með þessu skapast ákveðið óvissuástand hvað varðar rekstur Særúnar og skrifstofu Sæferða, en samkvæmt eigendum Sæferða hyggjast þeir ekki halda áfram eyjarsiglingum. Enn sem komið er liggur ekki annað fyrir en að Ferjuleiðir ehf. taki við rekstri Baldurs og þá virðist sem óvissa ríki um framtíð eyjasiglinga Særúnar og skrifstofuhúsnaðis Sæferða, með þeirri verslun og þjónustu sem þar er í boði.

Ályktun bæjarstjórnar vegna neyðarástands á vegum

Á 33. fundi bæjarstjórnar Stykkishólms þann 27. febrúar síðastliðinn var bágborið ástand þjóðvega á Snæfellsnesi tekið til umræðu. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða eftirfarandi ályktun vegna málsins:

Bæjarstjórn Stykkishólms ítrekar að viðhald og ástand Snæfellsnesveg nr. 54, Stykkishólmsveg nr. 58 og Vestfjarðarveg nr. 60 er langt frá því að vera boðlegt. Sveitarfélögin á Vesturlandi hafa ítrekað rætt við stjórnvöld vegamála um afar slæmt ástand vega á Vesturlandi og þá sérstaklega á Snæfellsnesvegi 54, Stykkishólmsvegi 58 og Vestfjarðarvegi 60 um Dalabyggð. Þrátt fyrir kröfur um úrbætur hefur lítið sem ekkert

gerst.

Um langt skeið hafa vegirnir verið holóttir og yfirborð óslétt sem hefur leitt til þess að Vegagerðin hefur sett upp tilmæli um lækkun hámarkshraða niður í 70 eða jafnvel 50 á ákveðnum stöðum. Undanfarið hafa miklar bikblæðingar bætt gráu ofan á svart og Vegagerðin lýst yfir neyðarástandi vegna stöðunnar. Vegirnir eru hættulegir og bikblæðingar hafa leitt til þess að fjöldi íbúa sem þurfa að fara um þessa vegi hafa orðið fyrir tjóni. Sama má segja um fjölmarga flutningabíla.

Bæjarstjórn bendir á að íbúar búi í raun við skert athafna- og ferðafrelsi á Snæfellsnesi og í Dölum í ljósi stöðunnar, sem er

algjörlega óviðunandi ástand. Þá er óboðleg sú staða sem birtist í upphaflegum drögum að samgönguáætlun þar sem Vesturland er skilið eftir hvað varðar fjárveitingar til stofnvega. Við þessu þarf að bregðast strax og leiðrétta þann mismun sem þar birtist. Bæjarstjórn bendir einnig á að núverandi verðskrá Breiðafjarðarferjunnar Baldurs vinnur ekki að því að minnka umferð um bágborna og holóttu vegi á Vestfjörðum og Vesturlandi heldur þvert á móti, en ólíkt því sem áður var er nú óhagstæðara fyrir flutningsaðila að nota ferjuna en að keyra flutningabíla með tengivagn landleiðina. Þessu fylgir einfaldlega meira slit á ónýtum vegum af

völdum þungaflutninga. Bæjarstjórn bendir á að nauðsynlegt sé því að endurskoða verðskrá vegna flutningabíla í ferjunni til þess að minnka álag og slit á vegum.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að það ríkir neyðar- og ófremdarástand á ofangreindum vegum sem getur ekki beðið eftir nýrri samgönguáætlun. Nauðsynlegt sé að ráðast í verulegar endurbætur á þessum vegum strax. Bæjarstjórn krefst þess, í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu sem uppi er, að nú þegar verði veitt fjármagni til að hefja megi endurbætur og uppbyggingu á framangreindum vegum þannig að hefja megi framkvæmdir á árinu 2025.

Aðsend grein - Ellert Kristinsson skrifar:

Framsýnn hugsjónarmaður



Jóhannes Kristjánsson

Erindi flutt á Júlíönnu-hátíð í Stykkishólmi í febrúar 2016.

Í maí 2012 er viðtal á Vísi.is við sviðstjóra Matís. Þar segir:

„Þörungaiðnaður á Íslandi felur í sér gríðarlega möguleika. Um mannaflsfrekan milljarðaiðnað er um að ræða. Það má nota þörungum í matvæli og snyrtivörur að ekki sé talað um í læknisfræðilegum tilgangi. Þetta er gullpottur sem við sitjum á án þess að gefa honum gaum“.

Af hverju er ég að nefna þetta hér og nú. Jú, ástæða þess er Súg-firðingurinn Jóhannes Kristjánsson, sá ljúfi og gæskuríki samborgari okkar sem var sannkallaður brautryðjandi á þessu sviði og sá glæsta möguleika þessa iðnaðar löngu fyrr en aðrir. Jóhannes sem lést 1983 tæplega sjötu-

gur að aldri, fluttist til Stykkishólms og er hér kaupfélagsstjóri á árunum 1949 til 1954. Síðan reynir hann fyrir sér, stuttan tíma, í útgerð, en draumur hans um nýtingu þarans var alltaf á lífi og skyldi verða að veruleika. Hann setur sig niður með starfseminni á Rífi og hefst handa. Skemmst er frá því að segja að þörungarekstur Jóhannesar mætti algjöru skilningsleysi stjórnsvalda og bankavalds og „tiltæki“ hans frekar haft í flimtingum. Vísindasamfélagið steinþagði og allur þorrinn gerði að þessu grín, með háðsglósnum og niði. Jóhannes sem veðjað hafði öllu á sannfæringu sína, mátti gefast upp. Miðað við milljarða tilvitnunina áðan og gullpottinn er nánast átakanlegt að lesa viðtal við Jóhannes sem birtist í Tímanum 1960 fyrir 56 árum, löngu áður en ríkið sá ástæðu til að leggja út hundruði milljóna króna í samskonar rekstur. Í viðtalinu segir: Nú þessa dagana tekur til starfa á Rífi þangverksmiðja Jóhannesar Kristjánssonar. „Þetta er í annað sinn“, segir Jóhannes við blaðið „sem farið er af stað með verksmiðjuna. Mjölið er kjarngott og margvísleg bætiefni í því sem er t.d gott í fóðurbæti fyrir

búpening. Þetta er, þó merkilegt megi teljast, fyrsta verksmiðja sinnar tegundar á Íslandi. Slíkar verksmiðjur eru starfræktar í Noregi og framleiða fyrir milljónir króna, samt er erfitt að afla skilnings á starfseminni hér þótt hráefnið sé mun betra. Núna er ég búinn að fá mér dráttarvél til að flytja þangið, í stað kranabíls sem var of dýr. Dráttarvélin safnar þanginu saman og moka því á 5 lesta vagn sem flytur það til verksmiðjunnar. Framleiðslan verður minnst 5 mjölpokar á klukkustund“. Og síðan í viðtalinu, fylgja nánari útlýsingar og framtíðarplön hjá Jóhannesi, en greinilega er stakkurinn þröngt skorinn.

Eins og áður sagði var þessi tilraun dæmd til að mistakast. Það var eins og menn vildu misskilja hann og vantreysta. Nú er til síðs að kalla menn til ábyrgðar um alla hluti sem afvegafara. Ég velti því fyrir mér hverjir það voru sem báru ábyrgð á því að fótur var settur fyrir þessa starfsemi Jóhannesar, sem gat skapað geysimikla atvinnu og aflað þjóðarþúinu milljóna í gjaldeyristekjur og algjörlega staðið undir sér. Ég kynntist Jóhann-

esi vel þegar við vorum endurskoðendur Stykkishólmsþrepps uppúr 1970. Ég fór stundum inná þessi mál við hann, en það hvarflaði aldrei að honum að leggja illt orð til nokkurs manns eða vera með dómhörku, til þess var hann of mikið þrúðmenni og mannvinnur, en það mátti hins vegar kenna ákveðins trega og jafnvel vorkunnsemi yfir skilningsleysi ráðamanna og fjöldans. „Já,“ sagði Jóhannes, „þeir hefðu mátt skoða þetta betur“. Svo eyddi hann talinu. En það lifði áfram í glóð merkisberans og Jóhannes átti eftir að hefja framleiðslu í kjallaranum heima hjá sér á þaratöflum sem hann hafði bjargfasta trú á að bætti heilsuna. Það er vissulega ánægjulegt að heyra stöðugt af jákvæðum fréttum af nýtingu þagróðurs við Ísland og framtíðarplönunum í þeim efnum og kannski verður vonarþeningur okkar Hólmara sleginn þar. Og mér er æ oftast hugsað til Jóhannesar vinar okkar sem við misskyldum svo mörg, að það var hann sem kvað þessa Lilju fyrstur á Íslandi og pálminn er nú loksins í hans höndum.

Ellert Kristinsson.

Samkomulag um byggingu 16 íbúða í Stykkishólmi



Nú þegar hefur eitt hús risið í Víkurhverfi en þau verða fleiri von bráðar.

Á vef Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar var greint frá samkomulagi milli Brákar og Búðinga ehf. um byggingu 16 íbúða í Stykkishólmi. Íbúðirnar munu rísa í Víkurhverfi og mun Brák íbúðafélag kaupa 12 íbúðir, eins og kynnt hefur verið. Því til viðbótar verða byggðar 4 íbúðir á lóð-H í Víkurh-

verfi sem seldar verðar á almennum markaði. Íbúðirnar eru frá 61-95 fermetrar á stærð og er áætlað að framkvæmdir hefjist næsta sumar. Búðingar ehf. sjá um byggingu íbúðanna.

„Fyrst og fremst ber að fagna fyrirhugaðri uppbyggingu í Stykkishólmi, en uppbyggingin mun koma til með að

byggja enn betur undir okkar samfélag, treysta stöðir þess til lengri tíma og mæta nauðsynlegri þörf á leigumarkaði. Með þessu verkefni er sveitarfélagið einnig að sýna í verki að það sé leiðandi þátttakan- di í sameiginlegu átaki ríkis og sveitarfélaga um stóraukið framboð fjölbreyttra íbúðakosta.

Uppbyggingin kemur á góðum tíma þar sem hér hefur verið íbúðafölgun undanfarin ár og við horfum fram á áframhaldandi fjölgun íbúa og enn frekari uppbyggingu.“ - segir Jakob Björgvin, bæjarstjóri í samtali við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Vinnslutillögur fyrir Agustsonreit kynntar



Skipulagshönnuður skoðar teikningar með viðstöddum.

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 14. ágúst 2024 að kynna vinnslutillögur vegna breytingar á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 og nýs deiliskipulags fyrir Agustsonreit. Opið hús vegna vinnslutillagnanna var haldið í Amtbókasafninu í Stykkishólmi, miðvikudaginn 26. febrúar síðastliðinn. Þar kynnti Davíð Kr. Pitt, skipulagshönnuður, tillögu að deiliskipulagsbreytingu og þrívíddar teikningar

af svæðinu. Í tillögunni er gert ráð fyrir hóteli með samkomu- og ráðstefnusal, verslunar- og þjónusturýmum og kjallara fyrir bílastæði á Austurgötu 1 og íbúðarbyggingu með verslun og þjónustu á neðri hæð á Austurgötu 2. Friðuð bygging við Aðalgötu 1, Tang og Riis, verður óbreytt. Tæplega 40 manns lögðu leið sína í bókasafnið til að kynna sér áformin og sköpuðust jákvæðar umræður.



Hræðileg helgi vel sótt

Félag atvinnulífs í Stykkishólmi stóð fyrir glæpa- og draugahátíðinni Hræðileg helgi sem fram fór dagana 14.-16. febrúar. Dagskrá hátíðarinnar var þétt en meðal annars gátu gestir hátíðarinnar spreytt sig á morðgátu sem mikið þúður hafði verið lagt í. Fjöldi fólks heimsótti Höfðaborg til að setja sig í spor rannsakennda og skoða vetvang glæps sem þar hafði verið sviðsettur. Hræðileg helgi í Hólminum hefur vakið mikla lukku undanfarin ár og víða vakið athygli. Óhætt er að gera ráð fyrir að þessu hátíð fari vaxandi ár frá ári miðað við undirtektir og ánægju þátttakenda í ár.



Tillögur að skipulagi fyrir Hamraenda og Kallhamar

Bæjarstjórn samþykkti á 33. fundi sínum 27. febrúar að kynna vinnslutillögur vegna breytingar á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 og deiliskipulagstillögur fyrir Kallhamar og Hamraenda í samræmi við 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vinnslutillögurnar eru nú til kynningar með athugasemdafresti til og með 28. mars 2025.

Eingöngu verður tekið við athugasemdum í gegnum Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Ópið hús vegna vinnslutillagnanna verður haldið á Amtsbókasafninu í Stykkishólmi, þriðjudaginn 25. mars 2025 kl. 16.00-18.00. Skipulagshönnuðir verða með kynningu kl. 16:30. Nánari upplýsingar og gögn má finna í Skipulagsgáttinni.

Ópið fyrir styrkumsóknir bæjarstjórnar



Bæjarstjórn Stykkishólms auglýsir eftir styrkumsóknum frá einstaklingum og fyrirtækjum í samræmi við reglur um styrkveitingar. Markmiðið með styrkjum bæjarstjórnar Stykkishólms er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun samfélagsins, menningarlífs, lífsgæðum og

fjölbreytilegu mannlífi og öfluglu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Hægt er að kynna sér skilyrði styrkveitinga nánar á vefsíðu sveitarfélagsins. Umsóknarfrestur er til 9. mars 2025 en nánari upplýsingar má finna á stykkisholmur.is

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson aðstoðarmaður bæjarstjóra.